

5. september 2019



# Notendaráð og starfsleyfi

Hlutverk og ábyrgð notendaráða við umsagnir

Rósa Guðrún Bergþórsdóttir  
rosa.gudrun@gef.is

Gæða- og eftirlitsstofnun  
félagsþjónustu og barnaverndar



## Lögin okkar

- Aðrir en opinberir aðilar sem veita fötluðu fólki þjónustu þurfa að hafa starfsleyfi til þess.
- Afla skal umsagnar notendaráðs í því sveitarfélagi þar sem þjónustan fer fram.
  - Ein undanþága frá því: Þegar farið er með umsýslu fyrir einn einstakling.



## Af hverju á notendaráðið að skila umsögn?

- Mikil áhersla lögð á samráð í nýju lögunum.
- Það eru þeir sem nota þjónustuna sem vita best hvernig hún á að vera.
- Við erum öll sérfræðingar í okkar eigin málum.
- Notendaráð eru fulltrúar notenda á tilteknu svæði.



## Hvaða ábyrgð fylgir því að skila umsögn?

- Umsögnin er eitt þeirra gagna sem aflað er þegar lagt er mat á umsókn um starfsleyfi.
- Í umsögn gætu komið fram mikilvægar upplýsingar sem taka þyrfti mið af við veitingu starfsleyfis.
- Góðar umsagnir styrkja jákvæða afgreiðslu starfsleyfis.
- Ábyrgð á starfsleyfum er alltaf hjá GEF.